

**Nd.**

## **84. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Bergur Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Páll Þorbjörnsson.

### **1. gr.**

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1935 til 1937 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenskir sjómenn, nema leyfi atvinnu-  
málaráðherra kom til.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Íslenskt hlutafélag, Kópur, hefir fengið sérleyfi til hvalveiða í 10 ár, talið frá 1. apr. 1935, samkvæmt lögum nr. 72 frá 7. maí 1928, um hvalveiðar. Félagið hefir þegar hafizt handa á Suðureyri í Tálknafirði, þar sem áður fyrr var hvalveiðastöð, um undirbúning þess, að geta notað sér sérleyfið, og leitað til Alþingis með lánbeiðni og ábyrgðarbeiðni, en ekki fengið áheyrn hjá þinginu. Nú er með þessu frv. farið fram á að gera félaginu nokkru léttara um að koma á þessum byrjaða merkilega atvinnuvegi, og er þess vænzt, að málinu verði vel tekið af hinu háa Alþingi, m. a. með tilliti til þess, að öðru félagi, sem áður hafði sérleyfi til hvalveiða, var á Alþingi 1932 veitt samskonar heimild, án þess að nokkur þm. hreyfði mótmælum eða léti ótta í ljós. Athygli skal vakin á því, að með niðurlagi 1. gr. frv. þykir fyrir það girt, að meira verði notað af útlendum sjómönnum á skipin heldur en brýn nauðsyn krefur.